

Náttúruauðlindir og „landsréttindi“

Ákvæðið er svo óljóst að það kemur til kasta dómstóla að túlka það og móta. Þar sem dýrt er að reka mál fyrir dómi hefur ríkisvaldið fjárhagslega yfirburði til að koma í veg fyrir að borgararnir nái rétti sínum.

Í tillögunum er talað um að náttúruauðlindir og „landsréttindi“ sem ekki eru háð einkaeignarrétti séu þjóðareign. Ekki er skýrt í athugasemdum hvaða nauðsyn beri til að bæta „landsréttindum“ inn í ákvæðið, né hvað átt sé við með „landsréttindum“, en það hugtak finnst hvorki í lögfræðiorðabók né lagasafni.

„Þjóðareign“

Samkvæmt orðanna hljóðan eru aðeins einkaeignarréttindi undanskilin svokallaðri „þjóðareign“. Allar náttúruauðlindir í opinberri eigu verða þá „þjóðareign“. Í greinargerð er ekki að finna neina útskýringu á þessum mismun, en með þessu er innleitt tvöfalt kerfi. Því er ekki svarað hvers vegna megi framselja náttúruauðlindir í einkaeign, en ekki þeim sem er í „þjóðareign“ og raunar er þessi mismunur ekki skýrður að nokkru leyti.

Engin haldbær rök eru fyrir því að kveða á um „þjóðareign“ í stjórnarskrá. Í greinargerð er einungis nefnt að hugmyndir um ákvæði af þessu tagi eigi sér langa forsögu. Þessi rök geta verkað í gagnstæða átt. Langur tími getur bent til þess að ekki sé vilji fyrir þessum hugmyndum. Erfiðleikar á að koma hugmyndum um svokallaða „þjóðareign“ í gegn styrkja það einnig.

Með því að kveða á um að tiltekna eignir séu ríkiseignir er verið að festa ákveðnar stjórnsmálafestur í stjórnarskrá. Það brýtur í bága við grundvallarreglur íslensks réttar og 1. gr. stjórnarskrá þar sem kveðið er á um að Ísland sé lýðveldi.

Rætt er um að auðlindir í náttúru Íslands „tilheyri íslensku þjóðinni“. Þjóðin er ekki lögaðili og því um lögfræðilega villu að ræða. Verði þessu hugtaki ljáð inntak verður um stórkostlega þjóðnýtingu náttúruauðlinda að ræða, sem á fráleitt heima í stjórnarskrá.

Það er enginn ný tegund eignarréttar möguleg. Það er aðeins ein tegund eignarréttar, mismunandi takmarkaður í lögum.

Verði þjóðeignarréttur festur í stjórnarskrá er verið að fara á bak við mannréttindavernd stjórnarskrárinnar og reynt að veita ríkinu réttindi svipuð

mannréttindum einstaklinga. Það yrðir merkingarlaust og lögleysa, sem aðeins veikir og dregur niður almenn mannréttindi. Það á ekki að misnota breytingar á stjórnarskránni til að ráðast á mannréttindi hennar og veikja þau.

Nú um stundir eru um 81% eigna skráðra eigna þjóðfélagsins í höndum opinberra aðila og það hlutfall eykst hratt. Nauðsynlegt er að vinda ofan af þeirri þróun og styrkja einkaeignarréttinn, en framangreint ákvæði gengur í þveröfuga átt. Með því að sölsa fleiri eignir undir ríkisvaldið er beinlínis vegið að valddreifingu og lýðræði í landinu.